

Fundargerð 19.mars

Haldinn var fundur hjá laganefnd 19.mars kl. 18 á Microsoft Teams. Farið var yfir þær breytingar sem gerðar voru á síðastliðnu Landsþingi Landssambands hestamanna. Farið var yfir þingskjal 2,4 og 5 og voru engar athugasemdir gerðar af hálfu laganefndar.

Því næst var farið yfir breytingar á reglum um gæðingakeppni og var þá tekið fyrir þingskjal 21 þar sem skoða þarf þær breytingar sem gerðar voru í grein 6.1 varðandi þátttökurétt í úrslitakeppni. Óskar nefndin eftir túlkun keppnisnefndar á þeirri málsgrein sem segir: "Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppni þátttökurétt".

Farið var yfir þingskjal 22. Ákveðið var að setja þyrfti upp einkunnatöflu fyrir yngri flokka, samskonar og er til fyrir fullorðins flokka enda er ekki um efnislega breytingu að ræða.

Því næst var farið yfir reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót og var þá farið yfir þingskjal 14 og 22. Lagt var til að skipta ætti upp 5.gr. reglugerðarinnar í málsgreinar svo hún verði auðlesanlegri. Athugasemd var við setningu 3 í 2. mgr. 7.2. auk þess sem athugasemd var í 8. mgr. 5. gr. Reglugerðar um Landsmót og fjórðungsmót.

Lesið var yfir reglugerð um Íslandsmót í gæðingalist og var því næst farið yfir breytingar á reglugerð um Íslandsmót. Þegar farið var yfir þingskjal nr. 8 var lagfært orðalag í 2. gr. er fjallar um keppnisgreinar. Farið var yfir þingskjal 9 og voru engar athugasemdir gerðar.

Farið var yfir reglugerð um Áhugamannamót Íslands þar var þingskjal 12 og 13 þar sem engar athugasemdir voru gerðar. Sömuleiðis voru engar athugasemdir gerðar við yfirferð á breytingum á þingskjölum 15, 16 og 18 í reglugerð um mótahald á Íslandi.

Að lokum var farið yfir viðbragðsáætlun sem fjallað er um í þingskjali 23 og voru engar athugasemdir gerðar.

Fundi var slitið kl. 19:25